

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 228/2020**

**frá 11. desember 2020**

**um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/503 frá 3. apríl 2020 um breytingu á ákvörðun 2014/312/ESB í því skyni að framlengja undanþáguna fyrir sinkoxíð til að heimila notkun þess sem rotverjandi stöðgara svo hún taki til „rotvarnarefna fyrir vörur í ílátum“ og rotvarnarefna í „litapykkni“<sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 D 0503:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/503 frá 3. apríl 2020 (Stjtið. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 14).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2020/503, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 109, 7.4.2020, bls. 14.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

*formaður.*

ÓOPINBER ÞÝÐING